



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 28. október 2020

2010060SA KB/bg
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um skotelda, mál nr. S-218/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 28. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um skotelda.

Tilfni breytinga á reglugerð um skotelda nr. 414/2017 er niðurstaða starfshóps dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra um hvernig megi draga úr neikvæðum áhrifum á lýðheilsu og loftgæði vegna mengunar af völdum flugelda.

Megin niðurstaða starfshópsins var að nauðsynlegt væri að takmarka sem mest þá mengun sem veldur óæskilegum heilsufarsáhrifum hjá einstaklingum. Einnig þurfi að hafa hugfast óæskileg áhrif skotelda um áramót á atferli og líðan margra dýra. Jafnframt benti starfshópurinn á að huga þurfi að loftmengun hér á landi í víðu samhengi og draga þurfi úr allri mengun þar sem það er mögulegt, til bættra lífsgæða fyrir almenning. Er því lagt til að breyta reglugerð um skotelda á þann veg að þrengja tímamörk um almenna notkun skotelda og fækka söludögum.

Samkvæmt drögunum verður nú eingöngu heimilt að skjóta upp flugeldum 31. desember, 1. janúar og 6. janúar í stað tímabilsins 28. desember til 6. janúar með báðum dögum meðtöldum líkt og í núverandi reglugerð. Þó er sveitarfélögum heimilt að halda viðburði á sunnudegi í fyrstu viku janúar í stað þrettánda dags jóla og er þá almenn notkun skotelda í sveitarfélaginu heimiluð þann dag.

Sambandið vill vekja athygli á því að í 1. gr. segir að sala skotelda sé heimil frá 2. janúar til 5. janúar *eða einn dag eftir þrettánda dag jóla og fram að sunnudegi þar á eftir hafi sveitarfélög ákveðið að færa þrettánda dag jóla*. En í 2. gr. lýtur út fyrir að sveitarfélögum sé eingöngu heimilt að halda viðburði á sunnudegi í fyrstu viku janúar en lengi hefur tíðkast í sumum sveitarfélögum að halda þrettándagleði fyrstu helgi ársins eða fyrstu helgi eftir að þrettánda dag jóla. Er slík þrettándagleði ýmist haldin á föstudegi, laugardegi eða sunnudegi. Sambandið leggur til að umrætt orðalag sé samræmt 1. gr. þannig að sveitarfélög hafi svigrúm til að færa viðburði tengda þrettándanum allt að og með sunnudegi á eftir þrettánda degi jóla. Þ.e.a.s. að sveitarfélög hafi svigrúm til að halda þrettándaviðburði fram að sunnudegi eftir þrettánda dag jóla og að sölutímabil haldist í hendur við þann viðburð líkt og lagt er til í reglugerðardrögunum. Þannig er hægt að velja dag með hlíðsjón að aðstæðum hvers sveitarfélags og veðurspá án þess fjölga dögum er heimila almenna sölu og notkun á skoteldum.

Almennt er það mat sambandsins að umrædd reglugerð ætti að hafa jákvæð áhrif þegar kemur að loftslagsmálum og lýðheilsu. Forsenda þess að sátt náist um slíkar takmarkanir hlýtur þó ávallt að vera að björgunarsveitum verði tryggðar tekjur til að mæta þeim tekjusamdrætti sem leiða mun af minni sölu skotelda. Varðandi mat á áhrifum fyrirhugaðra reglugerðarbreytinga verður að hafa í huga að lögreglan hefur í dag mjög takmarkað svigrúm til þess að fylgjast með að banni um notkun skotelda sé framfylgt. Reynslan sýnir að á tímabilinu 28. desember til 6. janúar ár hvert er ítrekað skotið upp flugeldum eftir kl. 22:00 þrátt fyrir að slíkt sé eingöngu heimilt á nýársnótt. Markmiðum um aukin loftgæði og lýðheilsu verður ekki náð ef almenningur virðir hertar reglur að vettugi. Hvetur því sambandið til þess að samhliða þessari reglugerðarbreytingu verði farið í markvissa fræðslu um markmið hennar og gildissvið, svo sem um neikvæð áhrif skotelda á fólk, dýr og umhverfi. Jafnframt verður að huga að því að lögregla fái aukið svigrúm til að framfylgja reglugerðinni a.m.k. fyrst um sinn meðan komið er á þeirri venju að skjóta eingöngu upp skoteldum þessa tilteknu þrjá daga ársins.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri